

1. júlí 2024

Fyrirspurn bæjarstjóra vegna bókunar bæjarfulltrúa undir 4. dagskrárlið á 3177. fundi bæjarráðs þann 13. júní s.l.

Við undirbúning fyrir umræðu málsins á síðasta bæjarstjórnarfund, sem haldinn var þann 25. júní s.l., fann undirrituð ekki þá staðhæfingu sem bæjarfulltrúi Theódóra S. Þorsteinsdóttir setti fram í bókun sinni. Þar gerði hún orð sérfræðinga hjá vottunarfyrirtæki sem gert hafa úttektir á gæðakerfi Kópavogsbæjar að sínum með beinni tilvitnun í úttektarskýrslu vottunarfyrirtækisins frá 2022.

Bókunin er eftirfarandi:

Bókun:

"Undirrituð telur miður að hætt verði að votta gæðakerfi Kópavogsbæjar. Markmiðið með innleiðingu gæðakerfis er að tryggja góða og skilvirka þjónustu, gagnsæja stjórnsýslu, aukið öryggi og bætt eftirlit með kostnaði. Í niðurstöðu síðustu úttektar komu fram mörg frávik og athugasemdir.

Eftirfarandi texti er tekinn upp úr niðurstöðu úttektarfyrirækisins eftir síðustu vottun sem fór fram 2022: „Kópavogsbær mun því halda vottun sinni að því gefnu að bæjarfélagið framkvæmi fullnægjandi úrbótaáætlun fyrir þau frábrigði sem fram komu. Bæjarfélaginu ber þannig að greina orsök og innleiða úrbætur til að lagfæra frábrigðin fyrir næstu vottunarúttekt sem áætluð er í byrjun desember 2023“. Alla jafna gefur vottunaraðilinn skipulagsheildinni sem um ræðir 12 mánuði, eða fram að næstu vottunarúttekt, til þess að skilgreina og innleiða úrbætur og umbætur sem dugar til að standast kröfur. Það er augljóst á gögnum máls sem hér liggja undir að ekki hefur tekist að uppfylla kröfur vottunaraðila. Faglegra hefði verið að halda áfram vottun og uppfylla þær kröfur sem okkur ber til að tryggja þau markmið sem lagt var upp með."

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Með fyrirspurn þessari óskar undirrituð eftir upplýsingum um hvar þessa tilvitnun er að finna í skýrslunni og hvaða skýrslu bæjarfulltrúinn er að vitna til.

ÁK